

frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafleverðlauna og hlutar skv. kjarasamningum.

3. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda ákvæði þeirra frá 1. febrúar 1986 og taka til afla sem landað er frá þeim tíma. Frá og með 1. febrúar 1986 að telja eru felld úr gildi ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 71 30. maí 1984, um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, með síðari breytingum, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 9 26. apríl 1985.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG**um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Reykjavíkurborg að gjöf til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Viðey í Kollafirði, þar með talin hvers kyns mannvirki. Afhendingin er bundin því skilyrði að Reykjavíkurborg taki að sér og kosti verndun þeirra minja sem eru á eyinni og afhentar eru. Skal sú verndun á hverjum tíma vera í samræmi við fyrirmæli þjóðminjalaga eftir því sem við á og fara fram í fullu samráði við þjóðminjavörð.

2. gr.

Reykjavíkurborg er óheimilt að selja þennan eignarhluta eða láta hann af hendi nema til ríkisins. Hætti Reykjavíkurborg að annast eignarhlutann á þann hátt sem 1. gr. mælir fyrir um fellur hann undir ríkið að nýju endurgjaldslaust.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.